

[Type here]

FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

4. FUNDUR Á VORÖNN 2023

MIÐVIKUDAGINN 19. APRÍL KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttar eru afgreidd strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Uppgjör vegna árshátíðarinnar er að verða tilbúið. NFFG stefnir á nokkra smærri viðburði til viðbótar það sem eftir er af önninni t.d. fagna sumri með grilli, halda golfmót nemenda og kennara og hafa bingó í hádegishléi. 2. - 5. maí verður svo kosningavika. Umræða skapaðist um ýmsar nefndir og umhverfisfulltrúi kallaði eftir meiri samvinnu við nemendur til að auka virkni umhverfisnefndarinnar. Reyna á að hreinsa lækinn og umhverfi skólans í tengslum við grillveislu nemenda í næstu viku. Skoða þarf hvort nóg sé af stöðum til að leggja frá sér leirtau og glös á göngunum.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara

Andri Bergmann Isaksen forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

María Ósk Jónsdóttir varaforseti NFFG

Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Viktoría Mist Gunnarsdóttir markaðsstjóri NFFG